



## Fundargerð

Tilv. 1801077/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 4/2018.  
Dagsetning og tími: 11. apríl 2018, kl. 12.  
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður  
Mættir: Allir mættir  
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

### Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 14. mars 2018.
2. Grisjunarbeiðni sýslumannsins á Austurlandi dags. 13. febrúar 2018 – afrit lögreglumála (málsnr. 1802072).
3. Grisjunarbeiðni Vinnumálastofnunar dags. 19. febrúar 2018 – ferilskrár atvinnuleitenda á vegum EURES vinnumiðlunar (málsnr. 1802114).
4. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1803044).
5. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – staðfesting á skólavist (málsnr. 1803046).
6. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – gamlir prófbankar (málsnr. 1803048).
7. Grisjunarbeiðni Borgarskjalasafns Reykjavíkur dags. 13. mars 2018 – bókhaldsgögn frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar (málsnr. 1803053).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

### **1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 14. mars 2018.**

Fundargerð grisjunarráðs frá 14. mars 2018 samþykkt og undirrituð.

### **2. Grisjunarbeiðni sýslumannsins á Austurlandi dags. 13. febrúar 2018 – afrit lögreglumála (málsnr. 1802072).**

Beiðninni var hafnað. Frumrit skjalanna eru ekki enn komin til varðveislu á Þjóðskjalasafn Íslands og því ekki forsendur til að heimila grisjun afritanna. Þá er ekki heldur ljóst hvaða hlutverk afritin höfðu í skjalasafni embættisins á sínum tíma.



**3. Grisjunarbeiðni Vinnumálastofnunar dags. 19. febrúar 2018 – ferilskrár atvinnuleitenda á vegum EURES vinnumiðlunar (málsnr. 1802114).**

Beiðnin var samþykkt. Vinnumálastofnun er heimilt að eyða umbeðnum ferilskrár atvinnuleitenda á vegum EURES vinnumiðlunar sem ná yfir tímabilið 2002–2018. Forsenda ákvörðunarinnar er að Vinnumálastofnun er eingöngu milliliður á milli umsækjanda og atvinnurekanda.

**4. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1803044).**

Beiðnin var samþykkt. Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sem ná yfir tímabilið 1983–1988 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

**5. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – staðfesting á skólavist (málsnr. 1803046).**

Beiðnin var samþykkt. Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra er heimilt að eyða umbeðnum staðfestingum á skólavist sem ná yfir tímabilið 1979–1988. Forsenda ákvörðunarinnar er að upplýsingarnar eru varðveittar í öðrum gögnum í skjalasafni skólans.

**6. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – gamlir prófbankar (málsnr. 1803048).**

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað. Óskað verður eftir nánari upplýsingum um hvort um prófurlausnir er að ræða eða prófin sjálf sem lögð voru fyrir nemendur.

**7. Grisjunarbeiðni Borgarskjalasafns Reykjavíkur dags. 13. mars 2018 – bókhaldsgögn frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar (málsnr. 1803053).**

Beiðin var samþykkt. Borgarskjalasafni Reykjavíkur er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar sem ná yfir tímabilið 2000–2013 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

Fundi slitið kl. 12:52

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)